

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi Bæjargils.

Breytingin varðar lóð nr. 27 við Bæjargil og felur í sér að heimilt verður að reisa viðbyggingu að grunnfleti 6x7,45 m innan byggingarreits.

Breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingin varðar lóð nr. 15 við Prastanes og gerir ráð fyrir því að bílastæði færist úr norð-austurhorni lóðar í norðvesturhorn að mörkum við lóð nr. 17.

Breytingar á deiliskipulagi Flata.

Breytingin varðar lóð nr. 5 við Markarflöt og felur í sér stækkun byggingarreits til norðurs á norðaustur hluta lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu. Hámarksstærð húss verður 212,0 m².

Breytingin varðar lóð nr. 5 við Tjarnarflöt og felur í sér stækkun byggingarreits til norðurs og norðvesturs.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar – flettiskilti.

Breytingin felur í sér að afmarkað er svæði, 25 m í þvermál, fyrir auglýsingaskilti. Hámarkshæð skiltis er 8,5 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. ágúst 2009.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2009